

DRÖG



# Þyrluflug

Sértæk gæðaviðmið nr. 227

3. útgáfa 2022

FERÐA  
MÁLA  
STOFA

ICELANDIC  
TOURIST  
BOARD



Eftirfarandi gæðaviðmið eru fyllt út af fulltrúa fyrirtækisins. Nauðsynlegt er að gefa greinagóðar upplýsingar um það hvernig hvert og eitt viðmið, sem á við starfsemi fyrirtækisins, er uppfyllt t.d. með tilvísun í gæðahandbók, öryggisáætlanir, myndir eða önnur gögn. Í vettvangsheimsókn sannreynir úttektaraðili upplýsingarnar.

227-1	Öryggi	Já	Á ekki við	Hvernig uppfyllt/skýringar
227-1.1	Til er ferðaáætlun fyrir hverja ferð (skrifleg lýsing) þar sem m.a. er fjallað um leiðir sem fara skal, tímaáætlun og fyrirkomulag ferðar.			
227-1.2	Til er gátlisti um öryggisbúnað í ferðum t.d.: a. Búnað til að veita fyrstu hjálp. b. Fjarskiptabúnað. c. Leiðsögutæki. d. Aukafatnað. e. Annað eftir aðstæðum í hverri ferð.			
227-1.3	Flugmenn fá þjálfun við val á landingarsvæðum utan landingarpalla til þess að stofna ekki öryggi farþega í hættu, sérstaklega í óbyggðum og á jökli.			
227-1.4	Flugmenn/leiðsögumenn fá þjálfun í að veita farþegum upplýsingar og hvernig stuðla beri að vellíðan og öryggi farþega.			
227-1.5	Til er gátlisti fyrir flugmenn/leiðsögumenn um þau öryggisatriði* sem farið er yfir með viðskiptavinum fyrir ferð og á meðan á ferð stendur m.a. varðandi: a. Staðhætti og veðurskilyrði. b. Tímaáætlun. c. Rétt notkun alls öryggisbúnaðar. d. Viðeigandi skjólfatnað. e. Varúðarráðstafanir við jökla, ár og brattlendi. f. Annað eftir aðstæðum í hverri ferð.			

<b>227-2</b>	<b>Umhverfi</b>	<b>Já</b>	<b>Á ekki við</b>	<b>Hvernig uppfyllt/skýringar</b>
227-2.1	Fyrirtækið fer að íslenskum og alþjóðlegum lögum og reglum um náttúruvernd.			
227-2.2	Fyrirtækið hefur sett sér og birt siðareglur ( <i>Codes of Conduct</i> ) til að lágmarka truflun í umhverfinu þannig að starfsemi þess skerði ekki upplifun annarra eða skaði lífríki.			
227-2.3	Fyrirtækið sér til þess að allir flugmenn hafi hagnýta þekkingu og skilning á innihaldi ritsins „ <i>Fly Neighbourly Guide</i> “.			
227-2.4	Flugmenn/leiðsögumenn sjá til þess að hvorki viðskiptavinir né þeir sjálfir verði fyrir óhóflegri hávaðatruflun.			
227-2.5	Fyrirtækið gætir þess að sjáanlegum ummerkjum í náttúrunni vegna starfsemi þess sé haldið í lágmarki.			
227-2.6	Fyrirtækið hefur samráð um starfsemi sína, a.m.k. árlega, við þá sem annast verndun þeirra svæða sem fyrirtækið starfar á.			
227-2.7	Fyrirtækið hefur samráð við landeiganda ef/þegar starfsemi þess fer fram á landi hans t.d. hvar, hvenær og hversu oft.			
227-2.8	Allur úrgangur sem ekki eyðist í náttúrunni er fjarlægður.			
227-2.9	Viðskiptavinir eru fræddir um salernisúrræði þar sem hefðbundin aðstaða er ekki fyrir hendi.			
227-2.10	Þyrlur eru þrífarnar og sótthreinsaðar að innan skv. skriflegum verklagsreglum.			
227-2.11	Viðskiptavinir eru minntir á ábyrga ferðahegðun.			
<b>227-3</b>	<b>Menntun og þjálfun</b>	<b>Já</b>	<b>Á ekki við</b>	<b>Hvernig uppfyllt/skýringar</b>

227-3.1	Flugmenn/leiðsögumenn hafa menntun og reynslu á því sviði sem viðkomandi ferð snýst um.			
227-3.2	Flugmenn/leiðsögumenn hafa lokið námskeiðinu <i>Fyrsta hjálp 1</i> (20 klst.) hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg eða sambærilegu skyndihjálparnámskeiði hjá viðurkenndum aðila og sækja upprifjunarnámskeið (4 klst.) á tveggja ára fresti.			
227-3.3	Flugmenn/leiðsögumenn í ferðum þar sem lent er í óbyggðum** hafa lokið námskeiðinu <i>Vettvangshjálp í óbyggðum</i> (WFR) hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg, eða sambærilegu námskeiði hjá öðrum aðila, og sækja upprifjunarnámskeið á þriggja ára fresti.			
227-3.4	Flugmenn/leiðsögumenn hafa fengið fræðslu um öryggi og ábyrga hegðun á jöklum og í fjalllendi. Til er skrifleg lýsing á innihaldi og framkvæmd fræðslunnar.			
227-3.5	Flugmenn/leiðsögumenn í ferðum þar sem lent er á jöklum fá viðeigandi fræðslu og þjálfun í sprungubjörgun a.m.k. einu sinni á ári.			

\* Hér er átt við öryggisþætti áður en flug hefst og á stöðum þar sem lent er.

\*\* Óbyggðir eru staðir eða svæði þar sem tekur a.m.k. tvær klst. að fá utanaðkomandi bjargir.